

Miðvikudaginn 15. apríl 1953.

Nr. 139/1952. **Halldór Halldórsson**

gegn

**Óskari Sveinssyni.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.**

Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1952 til þingfestingar í nóvembermánuði s. á. Er málið var tekið fyrir í marzmánuði 1953, það áfrýjandi um, að málinu yrði frestað til maímánaðar s. á. Stefndi andmælti því, að frestur þessi yrði veittur og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti.

Ágrip dómsgerða í máli þessu hefur eigi borizt Hæstarétti, og er upp komið, að af hendi áfrýjanda var eigi beðið um dómsgerðir hjá héraðsdómara fyrr en 6. janúar s. l. Að svo vöxnu máli ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

**Dómsorð :**

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

---

Miðvikudaginn 15. apríl 1953.

Nr. 54/1951. **Efnagerð Reykjavíkur h/f** (Theódór B. Líndal)

gegn

**Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f**

(Ólafur Þorgrímsson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.**

Réttur til firma og vörumerkis.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1951. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að stefnda verði dæmd óheimil notkun orðsins „Lilla“ í firmanafni sínu og gert að afmá nafnið úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur að viðlögðum 100 króna dagsektum.
2. Að stefnda verði dæmd óheimil notkun orðsins „Lilla“ í vörumerki sínu nr. 93/1950, skrásettu 30. október 1950, og gert að afmá orðið úr vörumerkinu.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hafa aðiljar þeir, sem þar greinir, notað orðið „Lilla“ í firmanafni frá því á árinu 1931, án þess að áfrýjandi hæfist handa um að fá þeirri notkun orðsins hnekkt fyrr en með höfðun máls þessa. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Efnagerð Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. marz 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur h/f Efnagerð Reykjavíkur, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnum útgefnum 4. júlí og 30. desember f. á. gegn Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f, hér í bænum. Hefur stefnandi gert eftirgreindar dómkröfur:

1. Að stefnda verði dæmt óheimilt að nota orðið „Lilla“ í firmanafni sínu og til þess að afmá skrásetningu nafnsins að viðlögðum 100 króna dagsektum.
2. Að stefnda verði talið óheimilt að nota vörumerkið „Lilla“.
3. Að stefndi verði skyldaður til að afmá vörumerki þetta úr vörumerkjaskránni og loks
4. Að stefnda verði gert að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. maí 1927 tilkynnti stefnandi til vörumerkjaskrárritarans í Reykjavík orðið „Lillu“ skáletrað upp á við með sérkennilegri rithönd sem vörumerki fyrir nánar tilgreindar efnagerðarvörur. Var vörumerkið skrásett 27. s. m. fyrir vörur þessar og þær taldar upp tæmandi í tilkynningunni.

Segur í henni, að orðið „Lillu“ beri að skoða sem sérstakt tilbúið heiti fyrir hinar tilgreindu vörur. Skrásetning vörumerkisins hefur verið endurnýjuð og nýtur það enn verndar lögum samkvæmt.

Hinn 18. september 1931 var „Verzlunin Lilla“ skrásett í Reykjavík. Voru eigendur Steinunn Sigurðardóttir og Halldóra Björnsdóttir. Firma þetta var afskráð 23. febrúar 1942. Hinn 11. janúar 1939 var „Lilla, nærfataverksmiðja“ skrásett í firmaskrá Reykjavíkur og voru eigendur hinir sömu og áður nefnds firma. Firma þetta var afskráð 15. október 1945 vegna yfirtöku samnefnds hlutafélags á eignum þess og rekstri.

Samdægurs var „Nærfataverksmiðjan Lilla h/f“ skrásett í hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Hinn 27. október 1950 tilkynnti Nærfataverksmiðjan Lilla h/f, stefndi í máli þessu, til vörumerkjaskráningar í Reykjavík vörumerki fyrir iðjurekstur, og var það skrásett 30 s. m. Vörumerki þetta er einkennismiði. Á öðrum helmingi miðans er mynd innan ramma af sitjandi stúlkubarni á nærklæðum og fyrir ofan rammann stendur orðið LILLA með prentletri, en fyrir neðan REYKJAVÍK. Á hinum helmingi miðans stendur ÍSLENZKUR IÐNAÐUR innan ramma og LILLA h/f, NÆRFATAVERKSMIÐJA VÍÐIMEL 64, REYKJAVÍK innan annars ramma.

Var vörumerkið skrásett fyrir hvers konar nærfatnað fyrir konur, karla og börn. Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að með skrásetningu vörumerkisins „Lillu“ hafi hann öðlazzt vernd fyrir það orð, þannig að stefnda hafi verið óheimilt að taka orðið upp og nota það í firmanafni sínu og vörumerki.

Þá heldur hann því fram, að vörumerkið „Lillu“ og heitið „Lilla“ skapi þau hugartengsl hjá mönnum, að hætt sé við, að þeir blandi saman og villist á fyrirtækjum aðiljanna og vörum. Sé stefnda því einnig af þessum ástæðum óheimil notkun orðsins „Lilla“ í firmaheiti sínu og vörumerki og vísar stefnandi þessu til stuðnings sérstaklega til ákvæða 9. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Stefndi reisir hins vegar kröfu sína um sýknu á því, að þar sem orðið „Lillu“ hafi aðeins verið skrásett sem vörumerki, hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að hann tæki orðið „Lilla“ upp og notaði það í firmanafni sínu. Þá sé honum samkvæmt 1. gr. laga nr. 43 frá 1903 heimilt að nota firmanafnið í vörumerki sínu, enda sé og vörumerkið í heild allsendis ólíkt vörumerki stefnanda og auk þess skráð fyrir allt aðrar vörur en vörumerki hans. Loks mótmælir stefndi því, að firmanafn hans eða vörumerki veiti efni til, að menn villist á eða blandi saman fyrirtækjum

og framleiðsluvörum aðiljanna og bendir á þeim mótmælum sínum til stuðnings, að stefnandi hafi ekki kvartað yfir notkun firmanafnsins eða vörumerkisins fyrr en nokkru áður en mál þetta var höfðað, enda þótt firmanafnið hafi þá verið búið að vera í notkun um margra ára skeið.

Telja verður, að orðið „Lillu“ sem vörumerki stefnanda njóti ekki verndar, nema í þeirri sérkennilegu mynd, sem það er skrifað og skráð. Var stefnda því heimilt að taka upp orðið „Lilla“, sem er almennt orð, og nota það í firmanafni sínu og vörumerki, en í vörumerkinu er orðið aðeins eitt af einkennum vörumerkisins í heild, en ekki skráð sjálfstætt sem vörumerki. Þá er augljóst, að vörumerki stefnanda og stefnda, sem lýst hefur verið hér að framan, eru mjög ólík og þau eru, eins og áður er sagt, hvort um sig skráð fyrir sínar sérstöku vörur. Svo eru og firmanöfn stefnanda og stefnda allsendis ósvipuð. Verður því ekki séð, að orðið „Lilla“ í firmanafni stefnda og vörumerki geti valdið hættu á því, að almenningur blandi saman eða villist á fyrirtækjum eða framleiðsluvörum aðilja máls þessa. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

#### Dómsorð:

Stefndi, Nærfataverksmiðjan Lilla h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h/f Efnagerðar Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Kærumálið nr. 5/1953.

**Edda h/f**

gegn

**Verzlunarfélagi Snæfellinga.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

#### Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. marz 1953, sem hingað barst 31. s. m., hefur sóknaraðili kært ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Reykjavíkur 21. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að málskostnaður í nefndu bæjar-